

# RÍKISSAKSÓKNARI

VS/

Reykjavík 18. maí 2009.

Með lögum nr. 135/2008 um sérstakan saksóknara var sett á fót embætti til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða sem leiddu til hruns bankanna haustið 2008. Embættinu er ætlað að rannsaka grun um refsiverða háttsemi hvort sem hún tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga. Eftir atvikum skal fylgja rannsókn eftir með saksókn. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna hefur hinn sérstaki saksóknari stöðu og almennar heimildir löggreglustjóra samkvæmt löggreglulögum svo og ákæruvald.

Ríkissaksóknari er samkvæmt lögum nr. 88/2008 laga um meðferð sakamála, æðsti handhafi ákæruvalds og getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Þá getur hann kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Að undanförnu hafa málefni Exista hf. verið mikið til umfjöllunar fjölmiðla en félagið var stærsti hluthafi í Kaupþingi hf. og fleiri félögum. Annar forstjóra félagsins er sonur ríkissaksóknara. Ljóst er að kæmu málefni Exista hf. eða forstjórans til skoðunar sérstaks saksóknara væri ríkissaksóknari vanhæfur til að gegna hlutverki sínu í þeim málum.

Ríkissaksóknara er mikið í mun að hið nýstofnaða embætti sérstaks saksóknara njóti fulls trausts og að sjálfstæðis þess sé hafið yfir allan vafa. Með hliðsjón af því svo og vegna víðtæks hlutverks sérstaks saksóknara telur ríkissaksóknari rétt að hann víki sæti tímabundið sæti, til að byrja með til 1. júní 2010, í öllum málum sem heyra undir embætti sérstaks saksóknara. Um leið og ríkissaksóknari tilkynnir dóms- og kirkjumálaráðherra þessa ákvörðun sína er þess hér með farið á leit að settur verði ríkissaksóknari til að gegna lögbundu hlutverki ríkissaksóknara í málum er heyra undir embætti sérstaks saksóknara umrætt tímabil.



Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

200905-0585

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600  
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229